

Umhverfismat



Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað orka í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu skal merkja við þann lit sem við á.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu







Nú þegar gert í skólastarfinu

Orka



Hugur þekking



Vitið þið hvaðan rafmagnið okkar á Íslandi kemur? 			
Vitið þið að það er hægt að búa til orku sjálfur (t.d. með að núa saman höndum eða hlaupa) 			
Vitið þið hvaða hlutir á leikskólanum þurfa orku? 			
Vitið þið hvaða hlutir á heimilinu ykkar þurfa orku? 			





Hjarta skólinn og samfélagið



Eru ljósin alltaf slökkt þegar enginn er í herbergjum? 			
Eru ljósin slökkt ef það er bjart úti? 			
Eru notaðar LED eða orkusparandi ljósaperur í skólanum? 			
Sér einhver um að slökkva óþarfa ljós? 			
Er slökkt á tölvum þegar þær eru ekki í notkun? 			
Er slökkt á öllum raf-tækjum (ekki sett á svefnstillingu) í lok dags? (eða slökkt á rauða rofanum á fjöltenginu?) 			









<p>Eru hitastillar á ofnunum  í skólanum? Er hitastigið á ofnunum lækkað um helgar?</p>			
<p>Skoðið raftækin í skólanum, eru þau orkusparandi? (ísskápur, frystikista, tölvur)? </p>			



**Hendur
aðgerðir**



<p>Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við orku?  </p>			
<p>Er verið að fylgjast með   og skrá hvað skólinn notar mikla orku?</p>			
<p>Er reynt að draga úr   orkunotkun innan skólans?</p>			
<p>Hafið þið kannað og upplifað hvernig lífið væri án rafmagns, t.d. haft rafmagnslausan dag/klukkutíma? </p>			

Hvað getur skólinn gert í tengslum við orku? Hvað dettur ykkur í hug?

A large, empty rectangular box with a thin black border, intended for students to write their answers to the question above. The box occupies most of the page below the text.